

NÁMSLÝSING

SMIÐJA Í MÁLM – OG
PINNASUÐU

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Smiðja í málm- og pinnasuðu – í samræmi við námskrá Smiðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR ÞÁTTTAKANDA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólaeiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2012, tilraunaútgáfa
2. Útgáfa 2025

Gert af: SÍMEY

- Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða námskrár

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 2-1	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/ LEIÐBEINENDA	4
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2 – 1.1 F-SMÍÐ 1 VA (27)	6
<i>Lýsing</i>	6
VERKLAG OG VINNUBRÖÐ 2 – 1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1)	7
<i>Lýsing</i>	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA, SMÍÐJA 2 – 1.3 F-SMÍÐ 1 PS (1)	8
<i>Lýsing</i>	8
VIÐAUKI	9
<i>Skilgreiningar í málmsuðu</i>	9

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni Menntamálastofnunar (menntamálaráðuneyti 2024) og á vef FA.

Námskráin Smiðja 2-1 lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 3 námsþætti. Megintilgangur með námi í Smiðju er að nemar kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Áhersla er á almenna starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Markmið smiðjuverkefninu *pinnasuða* er að nemar öðlist skilning og færni til að vinna að einföldum verkum í málmiðn. Nemendur afla sér færni í að rafsjóða með pinna samkvæmt ferilslýsingum málmsuðu sem byggja á kennsluefni um pinnasuðu sem byggir er á reglum European Welding Federation (EWF).

Námið er 160 klukkustundir að lengd, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrír námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi. Eftir námslok er mögulegt að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla eins og gerð er grein fyrir í námskrá.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nemum, leiðbeinendum og fólki sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Inntökuskilyrði

Ekki eru formleg inntökuskilyrði í þetta nám.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefnin sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í þrjá námsþætti.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu samþættir ef við á og tryggir rökrétta samfellu þeirra með leiðbeinanda. Fræðsluaðili/verkefnastjóri ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað, ef við á. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnu fólki. Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu sem alla jafna hentar starfseminni svo að namar kynnist umhverfi sem er dæmigert.

Námið er verklegt og skiptist í þrjá hluta með verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð í náminu. Hæfniviðmið námsþátta eiga við skipulagt nám í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn leiðbeinanda og skulu henta fólki sem lærir með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum en undir eftirliti leiðbeinanda. Í verkefnavinnu vinna namar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni.

Markmið Pinnasuðu er að namar hafi nauðsynlega þekkingu til að vinna sjálfstætt samkvæmt ferillýsingu og öðlist færni í að sjóða allar suður í verk- og plötusuðu. Namar fá þjálfun í vinnubrögðum til að geta verið gjaldgeng á almennum vinnumarkaði sem þjálfað fólk til pinnasuðu og til almennra starfa. Lögð er áhersla á

að namar viti hvar pinnasuða er einkum notuð, að þekkja kosti og takmarkanir namar skulu þekkja stöðlun og flokkun á vírum til pinnasuðu og helstu gerðir þeirra, notkunarsvið og meðhöndlun. Að lokinni smiðju skulu namar hafa tileinkað sér meginatriði heilsuverndar og öryggismála, þekkja örugg vinnubrögð á verkstæði sem og á byggingarstað eða vinnusvæði undir berum himni. Námsefni og æfingar fylgja bókinni *Pinnasuða* frá IÐUNNI fræðslusetri.

Áhersla er á að namar tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Jafnframt að namar afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi eru viðfangsefni og skipulag námsins kynnt. Farið er yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er háttað. Einnig er farið yfir verkefnaskil ef við á og að namar fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast er til að notuð séu á meðan á námi stendur. Namar fara í vettvangsnám og vinna úr því m.a. með því að vinna kynningar og kynna fyrir samnemum sínum.

Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nema um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundartafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra.

Namar fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Námsefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smiðju hafa namar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smíðju 2-1.1	F- SMÍÐ1VS (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2	F- SMÍÐ1VE (1)	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3	F- SMÍÐ2ÞS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	74	8	

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMIÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.1
Viðfangsefni	Innihald smiðju, skipulag, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar öðlist þekkingu og skilning á grundvalaratriðum pinnasuðu, tileinki sér þekkingu og skilning á hugtökum, efni til suðu, suðustaði og -aðferðir ásamt því hvers konar suðuvír hentar fyrir ólíka gerð suðu.

Farið er yfir skipulag, kröfur um mætingu, verkfæri sem notuð eru ásamt notkun verklýsinga suðuferils. Fjallað er um tegundir suðugass og hvenær hvaða gastegund er notuð. Þá er fjallað um almennar vinnuleiðbeiningar fyrir fólk við málsuðu.

Fjallað er um helstu hugtök, efni, suðustaði, suðuaðferðir ásamt suðuvírum sem henta (sjá viðauka aftast í þessu skjali). Nemum er leiðbeint með skráningar á suðuferlislýsingum til undirbúnings fyrir þá þjálfun sem mun eiga sér stað í loka námsþætti.

Hæfniviðmið 2 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefnum smiðjunnar
- helstu hugtökum og aðferðum smiðjunnar
- mikilvægi mætingar og þátttöku í tímum
- suðuferlislýsingum og gildi þeirra

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- meðhöndla búnað til suðu
- stilla suðutæki

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og öguð vinnubrögð
- velja hagkvæmar og öruggar suðuaðferðir við mismunandi verk

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2-1.2
Viðfangsefni	slysaætta, öryggi á vinnustað, öryggisbúnaður, hættur, varúðarráðstafanir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar kynnist undirstöðuatriðum heilsuverndar, varúðarráðstöfunum og hættum í tengslum við málmsuðu. Nemar fá fræðslu um vinnuumhverfið og ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi.

Farið er yfir og sýnt hvernig á að nota öryggisbúnað s.s. hlífðarfatnað og hlífar. Einnig er farið yfir helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna þeirra. Áfram er lögð áhersla á að nemar tileinki sér vinnuleiðbeiningar fyrir fólk við málmsuðu ítarlega, hvað er mikilvægt: fyrir suðu; á meðan suðuferli er í gangi og eftir að suðuferli er lokið. Fjallað er um uppbyggingu og gerðir vírs til pinnasuðu og helstu atriði við framkvæmd pinnasuðu. Þá fá nemar þjálfun í að skrá grunnatriði suðuferlislýsingar.

Hæfniviðmið 2 – 1.2

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi hlífðarfatnaðar og hlífa
- heilsuvernd á vinnusvæði þ.m.t. loftgæði
- áhrifum lýsingar og raka á vinnusvæði
- almennum öryggisreglum á vinnusvæði
- heildarferli við málmsuðu
- eiginleikum mismunandi aðferða, út frá styrk og hættu á suðugöllum
- suðuaðferðum sem henta hverju verki.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- meðhöndla búnað til suðu
- undirbúa og stilla suðutæki til notkunar
- nota hlífðarfatnað og öryggisbúnað.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- fylgja reglum um öryggismál
- velja hlífðarbúnað og hlífar í samræmi við aðstæður.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þjálfun og sjálfstæð vinna, smiðja 2 – 1.3

F-SMÍÐ 1 ÞS (1)

Þrep	2
Vinnustundir	120 (eða 68+52)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.2
Viðfangsefni	skipulagning, vinna, vinnubrögð

Lýsing

Í námsþættinum er unnið með helstu suðuaðferðir, efni og suðuvír. Nemar fá þjálfun og öðlast færni til að meta aðstæður til rafsúðu. Öryggismál eru rædd og þjálfun nema miðar að því að þau gæti fyllsta öryggis við rafsúðu. Nemar fá þjálfun í að sjóða plötur í eða fyrir allar suðustöður með pinnasuðu.

Fjallað er um skammstafanir á suðustöðum, sjá nánar í viðauka þessa skjals, bæði til að nemar tileinki sér hvað felst í þeim skammstöfunum, notkun fagmáls og vinnubrögð í tengslum við suðustöður. Þá er þjálfun við kverksúðu FW með basískum vír í suðustöðum PB,PD, PG og PF.

Farið er yfir hvernig undirbúa á stálplötur fyrir rafsúðu, búa til Y-rauf og hreinsa efni fyrir suðu eins og þarf. Fjallað er um mikilvæga þætti í tengslum við pinnasuðu um leið og nemar fá þjálfun í hverjum þætti sem eru helst: að velja réttan vír til suðu; val á suðustöðu; suðuraufar; suðuferla út frá gerð hvernar suðugerðar. Leiðbeinendur leggja sig fram um kynningu á nýjungum sem fram koma í tengslum við pinnasuðu.

Hæfniviðmið 2 – 1.3

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu gerðum af suðuraufum, skammstöfunum og tákn rafsúðu
- suðu með rið- og jafnstraum
- suðu með plús- og mínuspól
- helstu suðuaðferðum, afköstum þeirra, hagkvæmni og takmörkunum við mismunandi efnisþykkt

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- suðu með rið- og jafnstraum
- suðu með plús- og mínuspól
- helstu suðuaðferðum, afköstum þeirra, hagkvæmni og takmörkunum við mismunandi efnisþykkt
- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- undirbúa og stilla suðutæki til notkunar

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og öguð vinnubrögð
- velja hagkvæmar og öruggar suðuaðferðir við mismunandi verk
- útskýra staðlaðar merkingar pinnasuðuvíra
- teikna upp rafsúðutækið og merkja inn stillingar og leiðara
- meta algengustu suðugalla og ástæður þess að þeir myndast


Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Viðauki


Skilgreiningar í málmsuðu

Kverksuða er fyrsta hæfnisstig í suðu. Kverksuða er þegar suðuskeytin mynda kverk t.d. plötu við plötu, rör á plötu eða þegar efni eru látin skarast og suðan lendir í kverkinni. Þykkt kverksuðu er kallað a-mál og ræðst styrkur suðunnar meðal annars af stærð a-málsins. Hægt er að sjóða kverksuðu í öllum suðustöðum.



Dæmi um kverksuður

Mynd 1 Kverksuða




Mynd 2 Stúfsuða

Plötusuða er annað hæfnisstig í suðu. Plötusuða

er þegar stúfsuða er notuð við að sjóða saman plötur. Stúfsuður kallast þegar báðir hlutar vinnslustykkisins eru að mestu á sama plani (samsíða), þ.e. mynda ekki horn hvor á móti öðrum. Helstu suðuskeyti við plötusuðu eru I-skeyti, V-skeyti og Y-skeyti. Þá er suðustrengur annað hvort soðinn öðrum megin frá með fullri gegnumsuðu, þar sem suðan nær í gegnum efnið, eða soðinn fyrst öðrum megin og síðan hinum megin frá eftir að rótin hefur verið hreinsuð af gjalli og öðrum óhreinindum. Hægt er að sjóða plötusuðu í öllum suðustöðum.

Málmsuða: að skeyta saman málmhlutum með notkun varma, með eða án fyllingarefnis. Einkenni málmsuðu er sambræðsla suðufлата. Orkugjafinn er oftast raforka. Hugtakið er notað bæði yfir framkvæmdina og verkið að henni lokinni.

Pinnasuða er elsta aðferð suðu með ljósboga. Aðferðin byggir á að ljósbogi er myndaður milli málmvírs, pinnans, og smíðagrips. Aðferðin er handvirk, þ.e. suðumaður stjórnar öllum þáttum suðunnar.



Mynd 3 Suðustöður

Suðustöður: Suðu er hægt að framkvæma í ólíkum stöðum, sem ráðast af aðstæðum sem eru fyrir hendi hverju sinni. Til að greina suðustöðurnar sundur hefur hver staða fengið sína merkingu og sitt nafn.

Merkingarnar PA, PB, PC, PD, PE, PF og PG eru ISO merkingar.

PA – flöt staða (lárétt),

PB – lárétt staða, nema í kverk,

PC – lárétt inn í hlið,

PD – lárétt uppundir inn í kverk,

PE – lárétt uppundir,

PF – lóðrétt stígandi (upp í mót) bæði í kverk og ekki

PG – lóðrétt fallandi (niður í mót) bæði í kverk og ekki.

